

Alþingi
Erindi nr. P 127/1703
komudagur 8.4.2002

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2001
KSG/STh/023/01

Efni: Umsögn um frv. til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál vinnutímareglur EES o.fl.

Tryggingastofnun fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Áreiðanlegt er að gildandi löggjöf hefur haft gríðarleg áhrif til góðs og stuðlað að þeim framförum sem ætlað var.

Það er einkum V. kafli frumvarpsins þ.e. Heilsuvernd starfsmanna, sem snertir verkefni Tryggingastofnunar beint. Við teljum að veigamikil rök séu fyrir því að efla heilsuvernd á vinnustöðum. Ef heilsufarsvandamál sem koma upp á vinnustað eru látin afskiptalaus, má búast við að þau geti með tímanum haft í för með sér kostnað í heilbrigðisþjónustunni og að Tryggingastofnun og lífeyrissjóðir þurfi að greiða örorkulífeyri, sem hægt hefði verið að komast hjá ef gripið hefði verið í taumana í ferlinu.

Tryggingastofnun telur texta frumvarpsins hvað varðar hollustuhætti á vinnustöðum vera ákjósanlegan. Það ræðst hins vegar af fjárveitingum hvernig til tekst um væntanlega framkvæmd. Það er því mikils virði að jafnframt lagasetningu verði fjárveitingar tryggðar svo unnt verði að gera átak í heilsuvernd starfsmanna.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri